

Fundargerð 81. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 30. maí 2022, kl. 14:30

Dagskrá:

1. Samtal um hlutverk og skipan stýrihópsins
2. Samskiptaáætlun stýrihópsins 2022-2023

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarisdóttir (HVIN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR fór 15:30), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Hafþór Einarsson (MRN mætti 15:05), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Eyþór Björnsson (landshlutasamtökunum).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Árni Freyr Stefánsson (IRN), Eva Margrét (FRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Formaður setti fund. Tilkynnt var að Eyþór (SSNE) lætur af setu sem áheyrnafulltrúi landshlutasamtakanna í stýrihópnum eftir þennan fund. Upplýst verður á næstu dögum hver tekur hans sæti. Eyþór þakkaði samstarfið og var að sama skapi þakkið gott samstarf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Því næst var gengið til dagskrár.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Samtal um hlutverk og skipan stýrihópsins

Til grundvallar samtals um hlutverk og skipan stýrihópsins eru lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015, skipunarbréf hópsins frá júní 2021 og samningar um sóknaráætlanir landshluta 2020-2024. Rætt var vítt og breytt um hlutverk hópsins og hvort og þá hvaða breytinga væri þörf.

Sérstaklega var rætt um skipan stýrihópsins í ljósi breytinga á fyrirkomulagi Stjórnarráðsins um síðustu áramót. Við þær breytingar urðu tilfæringar á starfsfólki sem leiddu til þess að einhver ráðuneyti höfðu ekki lengur fulltrúa í stýrihópnum á meðan önnur höfðu fleiri en einn fulltrúa. Þá er tiltekin sagnfræði bak við það að við skipan stýrihópsins árið 2021 áttu tvö ráðuneyti tvo fulltrúa í stýrihópnum. Rætt var um þá jákvæðu þróun að í nokkrum ráðuneytum hafa verið stofnuð teymi sem fjalla um byggðamál en þau eru meðal annars hugsuð sem stuðningur við fulltrúa viðkomandi ráðuneytis sem situr í stýrihópnum.

Fulltrúar stýrihópsins eru sammála um að formaður leggi það til við innviðaráðherra að hvert ráðuneyti eigi einn fulltrúa í hópnum og að gerðar verði þær breytingar sem þarf til að svo verði. Alls verða fulltrúar stýrihópsins þannig 13, þ.e. 12 frá ráðuneytum og einn frá sambandinu, auk áheyrnafulltrúa.

2. Samskiptaáætlun stýrihópsins 2022-2023

Stýrihópurinn samþykkti fyrstu samskiptaáætlun sína vorið 2021. Farið var yfir þá áætlun og endurskoðun hennar rædd. Hópurinn er sammála um mikilvægi þess að kynna störf og hlutverk stýrihópsins betur fyrir starfsfólki og stjórnendum ráðuneyta. Einnig er mikilvægt að kynna starfið og sóknaráætlanir landshluta sérstaklega fyrir alþingismönnum og kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga. Rætt var um fyrirkomulag funda stýrihópsins með landshlutasamtökunum, upplýsingar á vef og fleira. Formaður og

verkefnisstjóri munu senda drög að uppfærði samskiptaáætlun til stýrihópsins og stefnt að því að ræða hana á næsta fundi sem verður í ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16